

Nd.

68. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Helgi Bergs.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

- a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur og fiskur.
- b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
 1. Kaffi, sykur og kornvörur.
 2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verðbólgan er eitt af þeim vandamálum, sem íslenskum stjórnvöldum hefur gengið erfiðlega að fást við. Aldrei hafa stjórnvöld verið fjær því en nú að hafa vald á verðbólgunni. Matvæli hafa hækkað verulega á síðustu árum, m. a. vegna þess, að lagður hefur verið söluskattur (7.5%) á útsöluverð matvælna, svo og á rafmagn, olíu til húsahtunar og hitaveitugjöld. Það ber nauðsyn til að draga úr kostnaði við brýnustu útgjöld heimilanna.

Tekjur fólksins í landinu eru svo lágar nú, að nauðsyn ber til, að það hyggi vel að útgjöldum sínum. Og það er þjóðhagsleg nauðsyn að draga úr valdi verðbólgunnar, einmitt með því að vinna að verðlækkun á þeim vörum, sem fólki er brýnust þörf á.

Því mun verða haldið fram, að ríkissjóður muni ekki þola þann tekjumissi, er af frv. leiðir. Þar er því til að svara, að vísitalan mun lækka þar í móti og mismunurinn ekki hafa nein úrslitaáhrif á fjárhag ríkissjóðs.